

Föstudaginn 15. desember 1995.

Nr. 411/1995.

Lárus K. Viggósson

(Kristján Stefánsson hrl.)

gegn

Guðmundi Daða Ágústssyni

(Sigmundur Hannesson hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur. Skuldabréfamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 5. desember 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 13. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. nóvember 1995, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila er vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnislegrar meðferðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Lárus K. Viggósson, greiði varnaraðila, Guðmundi Daða Ágústssyni, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. nóvember 1995.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í dag að loknum munnlegum málflutningi um fram komna frávísunarkröfu, er höfðað með stefnu, birtri 31. mars 1995, af Lárusi K. Viggóssyni, Skógarási 6, Reykjavík, gegn Guðmundi Daða Ágústssyni, Ásgarði 161, Reykjavík.

Kröfur stefnda í þessum þætti málsins eru þær, að málinu verði vísað frá dómi og sér dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Kröfur stefnanda eru þær, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og sér dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnanda í málinu eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skuld, að fjárhæð 217.405,41 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. mars 1992 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins auk virðisaukaskatts.

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara er þess krafist, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu að mati réttarins.

Í stefnu lýsir stefnandi málsástæðum sínum með eftirfarandi hætti:

„Lýsing heimildarskjals:

- | | |
|--------------------------|--|
| 1. Skuldabréf, útgefandi | Guðmundur Daði Ágústsson. |
| 2. Aðalskuldari | Guðmundur Daði Ágústsson, kt. 260256-5569. |
| 3. Útgáfudagur | 15/1/1992. |
| 4. Upphaflegur kröfuhafi | Lárus K. Viggósson. |
| 5. Upphafleg fjárhæð | 214.000 kr. |
| 6. Upphaflegir skilmálar | 36 gjalddagar á 1 mánaðar fresti. |
| 7. Vaxtaákvæði | Meðalv. verðtr. S.B.Í. |
| 8. Í vanskilum frá | 10/3/1992. |

Málsatvik og málsástæður.

Krafa stefnanda er studd skuldabréfi því, sem lýst er í heimildarskjali. Eftirstöðvar þess, er það fór í vanskil 10/3/1992, voru 214.133,92 kr. Áfallnir sammingsvextir þann dag voru 3.271,49 kr., samtals 217.405,41 kr., sem eru stefnufjárhæð.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir, og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.“

Stefndi reisir frávísunarkröfu sína á því, að lýsing heimildarskjals í stefnu fái ekki samrýmst fram lögðu heimildarskjali. Nægi þar að nefna, að skv. stefnu sé upphaflegur kröfuhafi sagður Lárus K. Viggósson, stefnandi málsins, en samkvæmt heimildarskjalinu sé upphaflegur kröfuhafi tilgreindur Inga Sigríður Gunndórsdóttir, kt. 040259-2879, Stokkalæk, 851 Hellu.

Á bakhlið skuldabréfsins sé ódagsett framsal upphaflegs kröfuhafa til stefnanda, sem sé að engu getið í stefnu.

Samkvæmt stefnu styður stefnandi kröfur sínar í málinu skuldabréfi, út gefnu af Guðmundi Daða Ágústssyni til Lárusar K. Viggóssonar. Bréf það, er hann leggur fram í málinu og reisir kröfur sínar á, er hins vegar gefið út

af Guðmundi Daða Ágústssyni til Ingu Sigríðar Gunndórsdóttur, sem síðan framselur skuldabréfið Lárusi K. Viggóssyni.

Með hliðsjón af framansögðu svo og með tilliti til þess, að um viðskipta-bréf er að ræða, og þess, að málið er höfðað skv. 17. kafla laga nr. 91/1991, verður að telja slíkt misræmi milli málatilbúnaðar stefnanda í stefnu og þess skjals, sem hann hefur lagt fram í málinu og kveðst byggja kröfur sínar á, að ekki þyki ljóst, að um sama skjal sé að ræða. Að kröfu stefnda ber því að vísa máli þessu frá dómi.

Eftir þessari niðurstöðu ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst 25.000 kr., og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Lárus K. Viggósson, greiði stefnda, Guðmundi Daða Ágústssyni, 25.000 kr. í málskostnað.
